

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 1. maí 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97.

#### 2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Tilvísanir í gerðum sem tilgreindar eru í 1. gr. er varða ákvæði í hinni sameiginlegu landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins (CAP) gilda ekki við framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 4. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

#### 5. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast gildi 1. nóvember 2011.

#### **Bráðabirgðaákvæði.**

Ekki er krafist endurmerkingar á nautgripum sem eru fæddir fyrir gildistöku reglugerðar þessarar sem skráðir eru í kynbótaskýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands og eru einstaklingsmerktir á fullnægjandi hátt. Ef slíkt merki týnist úr grip skal hann þó merktur skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2011.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1760/2000**

frá 17. júlí 2000

**um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. og 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 19. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997 um kerfi vegna auðkenningar og skráningar á nautgripum og merkingar á nautakjöti og afurðum úr því <sup>(5)</sup> kemur fram að innleiða á skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt sem verður skylt að nota frá og með 1. janúar 2000. Í sömu grein er einnig kveðið á um að á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar skuli samþykkja almennar reglur fyrir þetta skyldubundna kerfi fyrir þann dag.
- 2) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2772/1999 frá 21. desember 1999 um að fastsetja almennar reglur um skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt <sup>(6)</sup> er kveðið á um að þessar almennu reglur gildi einungis tímabundið, að hámarki til átta mánaða, það er að segja frá 1. febrúar til 31. ágúst 2000.
- 3) Til glöggvunar skal reglugerð (EB) nr. 820/97 felld úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað.

4) Í kjölfar óstöðugleika á markaði með nautakjöt og nautakjötsafurðir eftir að hættuástand skapaðist af völdum kúariðu hefur aukið gagnsæi skilyrða fyrir framleiðslu og markaðssetningu varanna sem um ræðir, einkum að því er varðar rekjanleika, haft jákvæð áhrif á neyslu nautakjöts. Til að viðhalda og efla traust neytenda á nautakjöti og til að komast hjá því að villa um fyrir þeim er nauðsynlegt að þróa ramma þar sem upplýsingum er komið á framfæri til neytenda með fullnægjandi og skýrum merkingum á afurðunum.

5) Í því skyni er nauðsynlegt að koma annars vegar á fót skilvirku kerfi til auðkenningar og skráningar á nautgripum á framleiðslustigi og hins vegar að koma á sérstöku merkingakerfi Bandalagsins í nautakjötsgeiranum sem byggist á hlutlægum viðmiðunum á markaðssetningarstigi.

6) Með skírskotun til þeirra ábyrgða, sem veittar eru með þessum endurbótum, nást einnig fram tilteknir almannahagsmunir, einkum vernd heilbrigðis manna og dýra.

7) Þar af leiðandi mun trú neytenda á gæðum nautakjöts og nautakjötsafurða aukast, lýðheilsuvernd eflast og varanlegur stöðuleiki nást á nautakjötsmarkaðnum.

8) Í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(7)</sup> segir að auðkenna verði dýr, sem stunda á viðskipti með innan Bandalagsins, í samræmi við reglur Bandalagsins og skrá þannig að unnt sé að rekja þau til bújarðarinnar, miðstöðvarinnar eða fyrirtækisins þaðan sem þau eru upprunnin eða þar sem þau hafa farið í gegn við umflutning og að fyrir 1. janúar 1993 skuli stækka þessi auðkennis- og skráningarkerfi þannig að þau nái einnig yfir flutninga á dýrum innan yfirráðasvæðis hvers aðildarríkis.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 376 E, 28.12.1999, bls. 42.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 117, 26.4.2000, bls. 47.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 226, 8.8.2000, bls. 9.<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 12. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. júní 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. júlí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 1.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE (Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49).

- 9) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE<sup>(1)</sup> skal auðkenning og skráning á slíkum dýrum, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, nema þegar um er að ræða dýr til slátrunar og skráð dýr af hestaætt, fara fram að loknu umræddu eftirliti.
- 10) Stjórnun tiltekinna aðstoðarkerfa Bandalagsins á sviði landbúnaðar gerir ráð fyrir að meðal ákveðinna tegunda búfjár séu dýr auðkennd hvert um sig. Auðkenningar- og skráningakerfin verða þar af leiðandi að henta við notkun og eftirlit með slíkum ráðstöfunum til að auðkenna hvert dýr um sig.
- 11) Nauðsynlegt er að tryggja skjót og skilvirk upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna til að þessari reglugerð sé beitt á réttan hátt. Bandalagsákvæði þar að lútandi voru fastsett með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um tolla- og landbúnaðarmál<sup>(2)</sup> og með tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt<sup>(3)</sup>.
- 12) Mælt var fyrir um núverandi reglur um auðkenningu og skráningu nautgripa í tilskipun ráðsins 92/102/EBE frá 27. nóvember 1992 um auðkenningu og skráningu á dýrum<sup>(4)</sup> og reglugerð (EB) nr. 820/97. Reynslan hefur sýnt að framkvæmd tilskipunar 92/102/EBE fyrir nautgripi hefur ekki verið að öllu leyti fullnægjandi og þarfnast frekari umbóta. Því er nauðsynlegt að samþykka sérstækar reglur um nautgripi til að herða ákvæði umræddrar tilskipunar.
- 13) Til að innleiðing á endurbættu auðkenniskerfi verði samþykkt er nauðsynlegt að leggja ekki óhóflegar kröfur á framleiðandann varðandi formsatriði á sviði stjórnsýslu. Setja skal gerleg tímamörk fyrir þessa framkvæmd.
- 14) Til að unnt verði að rekja feril dýra fljótt og örugglega, af ástæðum sem varða eftirlit með aðstoðarkerfum Bandalagsins, skal hvert aðildarríki stofna innlendan tölvuæddan gagnagrunn þar sem skal skrá auðkenni dýra, allar bújarðir á yfirráðasvæði þess og flutning dýra í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 97/12/EB frá 17. mars 1997 um breytingu og uppfærslu á tilskipun 64/432/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og
- svín<sup>(5)</sup> þar sem heilbrigðiskröfur sem varða þennan gagnagrunn eru tilgreindar.
- 15) Mikilvægt er að hvert aðildarríki geri allar ráðstafanir sem enn kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að innlendir tölvuæddur gagnagrunnur sé að fullu starfhæfur eins fljótt og unnt er.
- 16) Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að skapa tæknileg skilyrði sem tryggja bestu mögulegu samskipti framleiðandans við gagnagrunninn og yfirgripsmikla notkun gagnagrunna.
- 17) Til að gera kleift að rekja flutninga á nautgripum skulu dýrin vera auðkennd með eymamerki í báðum eyrum og að meginreglu til skal vegabréf fylgja þeim í öllum flutningum. Eiginleikar eymamerkisins og vegabréfsins skulu ákveðnir á vettvangi Bandalagsins. Að meginreglu til skal gefa út vegabréf fyrir hvert dýr sem hefur fengið úthlutað eymamerki.
- 18) Dýr sem eru flutt inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun 91/496/EBE skulu falla undir sömu kröfur um auðkenningu.
- 19) Hvert dýr skal halda sínu eymamerki alla ævi.
- 20) Framkvæmdastjórnin rannsakar um þessar mundir, á grundvelli þess starfs sem sameiginlega rannsóknarmiðstöðin annaðist, hvort unnt sé að auðkenna dýr á rafrænan hátt.
- 21) Umsjónarmenn dýra, að undanskildum flutningsaðilum, skulu halda uppfærða skrá um þau dýr sem eru á bújörðum þeirra. Ákvarða skal eiginleika skrána á vettvangi Bandalagsins. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að þessum skrá, sé þess óskað.
- 22) Aðildarríkin mega dreifa kostnaðinum sem stofnað er til með beitingu þessara ráðstafana yfir allan nautakjötsgeirann.
- 23) Tilnefna skal yfirvald eða yfirvöld sem eru ábyrg fyrir beitingu hvers báls í þessari reglugerð.
- 24) Innleiða skal skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt sem skylt er að nota í öllum aðildarríkjunum. Samkvæmt þessu skyldubundna kerfi skulu stjórnendur og fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt tilgreina á merkimiðanum upplýsingar um nautakjötið og hvar dýrinu eða dýrunum, sem kjötið er af, var slátrað.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/43/EB (Stjtið. EB 162, 1.7.1996, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 144, 2.6.1981, bls. 1. Tilskipunin var felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 515/97 (Stjtið. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 32. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 109, 25.4.1997, bls. 1.

- 25) Skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt skal eftt frá 1. janúar 2002. Samkvæmt þessu skyldubundna kerfi skulu stjórnendur og fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt enn fremur tilgreina á merkimiðanum upplýsingar varðandi uppruna, einkum hvar dýrið eða dýrin, sem nautakjötið er af, voru fædd, alin og slátrað.
- 26) Veita má upplýsingar til viðbótar við upplýsingarnar sem varða hvar dýrið eða dýrin, sem nautakjötið er af, voru fædd, alin og slátrað, samkvæmt valfrjálsu merkingarkerfi fyrir nautakjöt.
- 27) Skyldubundna merkingarkerfið sem byggir á uppruna skal taka gildi frá og með 1. janúar 2002, að því tilskildu að einungis sé gerð krafa um ítarlegar upplýsingar um flutninga á nautgripum innan Bandalagsins þegar um er að ræða dýr sem eru fædd eftir 31. desember 1997.
- 28) Skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt skal einnig gilda um nautakjöt sem flutt er inn til Bandalagsins. Þó skal taka mið af þeirri staðreynd að ekki er víst að allar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að merkja nautakjöt, sem er framleitt innan Bandalagsins, séu aðgengilegar stjórnendum eða fyrirtækjum í þriðja landi. Því er nauðsynlegt að tilgreina þær lágmarksupplýsingar sem þriðju lönd verða að tryggja að séu tilgreindar á merkimiðanum.
- 29) Fyrir stjórnendur eða fyrirtæki, sem framleiða og markaðssetja hakkað nautakjöt, sem hugsanlega eru ekki í aðstöðu til að veita allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt skyldubundna merkingarkerfinu fyrir nautakjöt skal kveða á um undanþágur sem tryggja að tiltekna lágmarksupplýsingar séu tilgreindar.
- 30) Markmiðið með merkingunum er að markaðssetning nautakjöts sé eins gagnsæ og unnt er.
- 31) Ákvæði þessarar reglugerðar mega ekki hafa áhrif á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2081/92 frá 14. júlí 1992 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatákna fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli<sup>(1)</sup>.
- 32) Að því er varðar allar aðrar upplýsingar en þær sem falla undir skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt skal einnig kveða á um rammaákvæði Bandalagsins um merkingar nautakjöts og í ljósi mismunandi lýsinga á nautakjöti sem er markaðssett í Bandalaginu hentar sú lausn best að koma á valfrjálsu merkingarkerfi fyrir nautakjöt. Skilvirkni slíks valfrjáls merkingarkerfis ræðst
- af því hvort unnt sé að rekja allt merkt nautakjöt til upprunadýrs eða -dýra. Fyrirkomulag stjórnanda eða fyrirtækis við merkingar skal háð forskrift sem senda skal lögbæru yfirvaldi til samþykkis. Stjórnendur og fyrirtæki eiga einungis rétt á að merkja nautakjöt ef nafn þeirra eða kennimerki er á merkimiðanum. Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum skal vera heimilt að afturkalla samþykki sitt fyrir forskriftum ef um er að ræða frávik. Til að tryggja að unnt sé að viðurkenna forskriftir fyrir merkimiðunum í öllu Bandalaginu eru upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna nauðsynleg.
- 33) Stjórnendur og fyrirtæki sem flytja nautakjöt inn í Bandalagið frá þriðju löndum kunna einnig að óska eftir að merkja vörur sínar samkvæmt valfrjálsa merkingarkerfinu. Mæla skal fyrir um ákvæði til að tryggja eins og unnt er að fyrirkomulag við merkingar í tengslum við innflutt nautakjöt sé jafnáræðanlegt og það sem notað er fyrir nautakjöt frá Bandalaginu.
- 34) Breytingin frá fyrirkomulaginu í II. bálki reglugerðar (EB) nr. 820/97 yfir í fyrirkomulag þessarar reglugerðar getur leitt til erfiðleika sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð. Til að fást við hugsanlega erfiðleika skal framkvæmdastjórninni gert kleift að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðarárástafanir. Framkvæmdastjórninni skal einnig heimilt að leysa tiltekin vandamál við framkvæmd, þegar það er talið réttmætt.
- 35) Til að tryggja áreiðanleika þess fyrirkomulags sem kveðið er á um í þessari reglugerð er nauðsynlegt að skylda aðildarríkin til að annast fullnægjandi og skilvirkar eftirlitsráðstafanir. Þetta eftirlit skal ekki hafa áhrif á annað eftirlit sem framkvæmdastjórnin getur framkvæmt, hliðstætt við 9. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna<sup>(2)</sup>.
- 36) Mæla skal fyrir um viðeigandi viðurlög ef um er að ræða brot á ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 37) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(3)</sup>.

(1) Stjótið. EB L 208, 24.7.1992, bls. 1.

(2) Stjótið. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1036/1999 (Stjótið. EB L 127, 21.5.1999, bls. 4).

(3) Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. BÁLKUR

## Auðkenning og skráning nautgripa

## 1. gr.

1. Hvert aðildarríki skal koma á kerfi til auðkenningar og skráningar nautgripa í samræmi við þennan bálk.

2. Ákvæði þessa bálks gilda með þeim fyrirvara að hugsanlega verði settar Bandalagsreglur til að útrýma sjúkdómum eða koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og með fyrirvara um tilskipun 91/496/EBE og reglugerð (EBE) nr. 3508/92<sup>(1)</sup>. Þó gilda ákvæði tilskipunar 92/102/EBE, sem varða nautgripi sérstaklega, ekki lengur frá þeim degi sem þessi dýr verða að vera auðkennd í samræmi við þennan bálk.

## 2. gr.

Í þessum bálki merkir:

- „dýr“: nautgripir í skilningi b- og c-liðar 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 64/432/EBE<sup>(2)</sup>,
- „bújörð“ allar starfsstöðvar, byggingar eða, þegar um er að ræða bú þar sem búfé gengur úti, allir staðir innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis þar sem dýr, sem falla undir þessa reglugerð, eru haldin, geymd eða meðhöndluð,
- „umsjónarmaður“ einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir dýrum, hvort sem um er að ræða varanlega eða tímabundið, þ.m.t. meðan á flutningi stendur eða á markaði,
- „lögbært yfirvald“: stjórnvald eða stjórnvöld aðildarríkis sem bera ábyrgð á eða er falið að hafa heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum og framkvæma þennan bálk eða, ef um er að ræða eftirlit með styrkjum, yfirvöld sem er falið að framkvæma reglugerð (EB) nr. 3508/92.

## 3. gr.

Kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa skal ná yfir eftirfarandi atriði:

- a) eyrnamerki til að auðkenna hvert dýr,
- b) tölvuvædda gagnagrunna,
- c) dýravegabréf,
- d) hverja skrá sem færð er á hverri bújörð,

Framkvæmdastjórnin og lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki skulu hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þessi bálkur tekur til. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir hlutaðeigandi aðilar, þ.m.t. neytendasamtök sem eiga hagsmuna að gæta og aðildarríkið viðurkennir, hafi aðgang að

þessum gögnum, að því tilskildu að fullnægt sé kröfum um þagnarskyldu og gagnavernd sem mælt er fyrir um í landslögum.

## 4. gr.

1. Öll dýr á bújörð sem eru fædd eftir 31. desember 1997 eða ætluð til viðskipta innan Bandalagsins eftir 1. janúar 1998 skulu auðkennd með eyrnamerki á báðum eyrum sem lögbært yfirvald samþykkir. Á báðum eyrnamerkjum skal vera sami sérstaki auðkenniskóðinn sem gerir kleift að auðkenna hvert dýr fyrir sig ásamt bújörðinni sem það var fætt á. Þrátt fyrir framangreindar kröfur má auðkenna dýr sem fædd eru fyrir 1. janúar 1998, sem eru ætluð til viðskipta innan Bandalagsins eftir þann dag, í samræmi við tilskipun 92/102/EBE til 1. september 1998.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar má auðkenna dýr sem fædd eru fyrir 1. janúar 1998, sem eru ætluð til viðskipta innan Bandalagsins eftir þann dag með það í huga að slátra þeim tafarlaust, í samræmi við tilskipun 92/102/EBE til 1. september 1999.

Heimilt er að auðkenna nautgripi, sem ætlaðir eru til menningar- og íþróttaviðburða (að undanskildum kaupstefnum og sýningum) samkvæmt auðkenningarkerfi, sem veitir jafngildar ábyrgðir og sem framkvæmdastjórnin heimilar, í stað eyrnamerkis.

2. Eyrnamerki skal sett á innan tímabils sem aðildarríki ákveður frá fæðingu dýrs og í öllum tilvikum áður en dýrið er flutt frá fæðingarbújörðinni. Tímabilið má ekki vera lengra en 30 dagar til og með 31. desember 1999 og ekki lengra en 20 dagar eftir það.

Að beiðni aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. getur framkvæmdastjórnin þó ákveðið við hvaða kringumstæðum aðildarríkjunum er heimilt að lengja hámarkstímabilið.

Ekkert dýr, sem er fætt eftir 31. desember 1997, má flytja af bújörð nema það sé auðkennt í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

3. Öll dýr, sem eru flutt inn frá þriðja landi, sem hafa staðist eftirlit, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/496/EBE og verða eftir innan yfirráðasvæðis Bandalagsins skulu auðkennd á viðtökubújörð með eyrnamerki sem uppfyllir kröfur þessarar greinar, innan tímabils sem aðildarríkið ákveður en innan 20 daga eftir að fyrnefint eftirlit fer fram, og í öllum tilvikum áður en það er flutt af bújörðinni.

Þó er ekki nauðsynlegt að auðkenna dýr ef viðtökubújörðin er slátruhús sem er staðsett í aðildarríki þar sem slíkt eftirlit á sér stað og dýrinu er slátrað innan 20 daga frá því að eftirlitið fer fram.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1036/1999 (Stjtið. EB L 127, 21.5.1999, bls. 4).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64. Tilskipun uppfærð með tilskipun 97/12/EB (Stjtið. EB L 109, 25.4.1997, bls. 1) og síðast breytt með tilskipun 98/99/EB. (Stjtið. EB L 358, 31.12.1998, bls. 107).

Upprunaleg auðkenning frá þriðja landi skal skráð í tölvuvædda gagnagrunninn sem kveðið er á um í 5. gr. eða, ef hann er enn ekki starfhæfur að fullu, í skrárnar sem kveðið er á um í 3. gr. ásamt auðkenniskóðanum sem dýrinu var úthlutað í viðtökuáildarríkinu.

4. Öll dýr frá öðru aðildarríki skulu halda upprunalegu eymamerki.

5. Óheimilt er að fjarlægja eða skipta um eymamerki án leyfis lögbærs yfirvalds.

6. Bújörðum skal úthlutað eymamerkjum og þeim dreift og þau sett á dýrin með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

7. Eigi síðar en 31. desember 2001 skulu Evrópuþingið og ráðið, á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni ásamt hvers kyns tillögum og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 95. gr. sáttmálans, ákveða hvort unnt sé að innleiða rafræna auðkenningu í ljósi framfara sem orðið hafa á því sviði.

#### 5. gr.

Lögbært yfirvald aðildarríkjanna skal koma á tölvuvæddum gagnagrunni í samræmi við 14. og 18. gr. tilskipunar 64/432/EB.

Tölvuvæddu gagnagrunnarnir skulu vera að fullu starfhæfir eigi síðar en 31. desember 1999 og eftir þann dag skal geyma í gagnagrunninum öll gögn sem krafist er samkvæmt fyrirnefndri tilskipun.

#### 6. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1998 skal lögbært yfirvald gefa út vegabréf fyrir hvert dýr, sem þarf að auðkenna í samræmi við 4. gr., innan 14 daga frá því að tilkynnt er um fæðingu þess eða, ef um er að ræða dýr sem eru flutt inn frá þriðju löndum, innan 14 daga frá því að viðkomandi aðildarríki tilkynnir um auðkenningu dýrsins í samræmi við 3. mgr. 4. gr. Lögbæru yfirvaldi er heimilt, að uppfylltum sömu skilyrðum, að gefa út vegabréf fyrir dýr frá öðru aðildarríki. Í slíkum tilvikum skal vegabréfið sem fylgir dýrinu við komu þess afhent lögbæru yfirvaldi sem skal skila því til aðildarríkisins sem gaf það út. Að beiðni aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. getur framkvæmdastjórnin þó ákveðið við hvaða kringumstæður er heimilt að lengja hámarkstímabilið.

2. Vegabréfið skal fylgja dýrinu við alla flutninga.

3. Þrátt fyrir fyrsta málslið 1. mgr. og 2. mgr. geta aðildarríki:

— með tölvuvæddan gagnagrunn, sem framkvæmdastjórnin telur að sé að fullu starfhæfur í samræmi við 5. gr., ákveðið að gefa einungis út vegabréf fyrir dýr sem eru ætluð til viðskipta innan Bandalagsins og að vegabréf skuli einungis fylgja þeim dýrum þegar þau eru flutt frá yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem um ræðir til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis en þá skal vegabréfið innihalda upplýsingar sem byggjast á tölvuvædda gagnagrunninum. Í þessum

aðildarríkjum skal vegabréf sem fylgir dýri, sem er innflutt frá öðru aðildarríki, afhent lögbæru yfirvaldi við komu þess,

— leyft til 1. janúar 2000 útgáfu sameiginlegra dýravegabréfa fyrir hjarðir sem eru fluttar innan viðkomandi aðildarríkis að því tilskildu að upprunastaður hjarðanna sé sá sami sem og áfangastaður þeirra og að þeim fylgi dýraheilbrigðisvottorð.

4. Ef dýr drepst skal umsjónamaðurinn skila vegabréfinu til lögbærs yfirvalds innan sjö daga frá dauða dýrsins. Ef dýr er sent í sláturhús skal stjórnandi sláturhússins bera ábyrgð á því að skila vegabréfinu til lögbærs yfirvalds.

5. Ef um er að ræða dýr sem eru flutt út til þriðju landa skal síðasti umsjónamaðurinn afhenda vegabréfið lögbæru yfirvaldi á þeim stað þar sem dýrið er flutt út.

#### 7. gr.

1. Að flutningsaðilum undanskildum skal hver umsjónarmaður dýra:

— halda uppfærða skrá,

— þegar tölvuvæddur gagnagrunnur er að fullu starfhæfur og innan ákveðins tímabils, sem aðildarríkið ákveður og er á bilinu þrjú til sjö dagar, tilkynna lögbæru yfirvaldi um alla flutninga til og frá bújörðinni og allar fæðingar og dauða dýra á bújörðinni ásamt dagsetningum þessara atburða.

Að beiðni aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. getur framkvæmdastjórnin þó ákveðið við hvaða kringumstæður aðildarríkjunum er heimilt að lengja hámarkstímabilið og kveðið á um sérstakar reglur sem gilda um flutninga á nautgripum þegar þeir eru settir í sumararbeit á mismunandi fjallasvæðum.

2. Hver umsjónamaður dýrs skal, þar sem við á og með hlöðsjón af 6. gr., útfylla vegabréf strax við komu hvers dýrs frá bújörð og fyrir brottflutning þess og tryggja að vegabréfið fylgi dýrinu.

3. Hver umsjónarmaður skal veita lögbæra yfirvaldinu, að beiðni þess, allar upplýsingar um uppruna, auðkenni og, eftir því sem við á, viðtökustað dýra sem hann hefur átt, haldið, flutt, sett á markað eða slátrað.

4. Skráin skal vera með sniði sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, hún skal vera handfærð eða í tölvutæku formi og ætíð til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið, að beiðni þess, í lágmarkstíma sem lögbæra yfirvaldið ákveður en má ekki vera styttri en þrjú ár.

## 8. gr.

Aðildarríkin skulu tilnefna það yfirvald sem ber ábyrgð á að þessum bálki sé fylgt. Þau skulu tilkynna hvort öðru og framkvæmdastjórninni um það hvaða yfirvald var tilnefnt.

## 9. gr.

Aðildarríkin mega gjaldfæra á umsjónarmenn þann kostnað sem hlýst af kerfunum sem um getur í 3. gr. og eftirlitinu sem um getur í þessum bálki.

## 10. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessum bálki í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. Einkum er um að ræða ráðstafanir er varða:

- a) ákvæði varðandi eyrnamerki,
- b) ákvæði varðandi vegabréfið,
- c) ákvæði varðandi skrána,
- d) tilskilið lágmarkseftirlit sem skal fara fram,
- e) beitingu stjórnsýsluviðurlaga,
- f) bráðabirgðarástafanir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda beitingu þessa bóls.

## II. BÁLKUR

## Merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða

## 11. gr.

Stjórnandi eða fyrirtæki, eins og það er skilgreint í 12. gr.:

- sem er skyldað, skv. I. þætti þessa bóls, til að merkja nautakjöt á öllum stigum markaðssetningar,
- sem óskar eftir, skv. II. þætti þessa bóls, að merkja nautakjöt til að veita upplýsingar, aðrar en þær sem mælt er fyrir um í 13. gr., sem varða ákveðna eiginleika eða framleiðsluskilyrði merktá kjötsins eða dýrsins sem kjötið kemur af, skal gera slíkt í samræmi við þennan bálk. Þessi bólkur gildir með fyrirvara um viðeigandi löggjöf Bandalagsins, einkum sem varðar nautakjöt.

## 12. gr.

Í þessum bálki gilda eftirfarandi hugtök:

- „nautakjöt“: allar vörur sem falla undir SAT-númer 0201, 0202, 0206 10 95 og 0206 29 91,
- „merking“: áfesting merkimiða á eitt kjötstykki eða fleiri eða á umbúðaeefni þeirra eða, ef um er að ræða vörur sem eru ekki forpakkaðar, að viðeigandi upplýsingar séu skriflegar og sýnilegar fyrir neytandann við sölu,
- „fyrirtæki“: hópur stjórnenda frá sama hluta eða mismunandi sviðum nautakjötsiðnaðarins.

## I. ÞÁTTUR

## Skyldubundið merkingarkerfi nautakjöts innan Bandalagsins

## 13. gr.

## Almennar reglur

1. Stjórnendur og fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt innan Bandalagsins skulu merkja það í samræmi við þessa grein.

Með skyldubundnu merkingarkerfi skal annars vegar tryggja tengingu milli auðkenningar á skrokki, fjórðungi eða hlutum kjöts og hins vegar auðkenningu á dýrinu sjálfu eða, ef þetta nægir til að tryggja að unnt sé að sannreyna upplýsingarnar á merkimiðanum, hópi þeirra dýra sem um ræðir.

2. Á merkimiðanum skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) tilvísunarnúmer eða tilvísunarkóði sem tryggir tengingu milli kjötsins og dýrsins eða dýranna, Þetta númer má vera auðkennisnúmer einstaks dýrs sem kjötið er af eða auðkennisnúmer fyrir hóp dýra,
  - b) samþykkisnúmer sláturhússins þar sem dýrinu eða dýrahópnum var slátrað og aðildarríkið eða þriðja landið þar sem sláturhúsið er staðsett. Upplýsingarnar skulu vera svohljóðandi: „Slátrað í (nafn aðildarríkisins eða þriðja landsins) (samþykkisnúmer)“,
  - c) samþykkisnúmer stykkjunarfyrirtækisins þar sem skrokkur eða skrokkar dýra voru stykkjaðir (hlutaðir sundur) og aðildarríkið eða þriðja landið þar sem stykkjunarfyrirtækið er staðsett. Upplýsingarnar skulu vera svohljóðandi: „Stykkjað í: (nafn aðildarríkisins eða þriðja landsins) (samþykkisnúmer)“.
3. Þó geta aðildarríki ákveðið, fram til 31. desember 2001, að ef nægilegar upplýsingar liggja fyrir í auðkenningar- og skráningakerfinu fyrir nautgripi sem kveðið er á um í I. bólk, að því er varðar nautakjöt af dýrum sem eru fædd, alin og slátrað í sama aðildarríkinu verði einnig að tilgreina viðbótarupplýsingar á merkimiðanum.
4. Skyldubundið kerfi eins og kveðið er á um í 3. mgr. má ekki leiða til neinnar röskunar á viðskiptum milli aðildarríkjanna. Gerð skal krafa um fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar vegna þeirra framkvæmdarástafana sem gilda í þeim aðildarríkjum sem hyggjast beita 3. mgr..

5. a) Frá og með 1. janúar 2002 skulu stjórnendur og fyrirtæki einnig tilgreina á merkimiðunum:
  - i. aðildarríki eða þriðja land þar sem dýrið er fætt,
  - ii. öll aðildarríki eða þriðju lönd þar sem dýrið var alið,
  - iii. aðildarríki eða þriðja land þar sem slátrun fór fram,

b) Ef nautakjöt er af dýrum, sem eru fædd, alin og þeim slátrað:

- i. í sama aðildarríki má tilgreina upplýsingar sem „uppruni: (nafn aðildarríkis)“.
- ii. í sama aðildarríki má tilgreina upplýsingar sem „uppruni: (nafn þriðja lands)“.

#### 14. gr.

##### Undanþágur frá skyldubundna merkingarkerfinu

Þrátt fyrir b- og c-lið 2. mgr. 13. gr. og i. og ii. lið a-liðar í 5. mgr. 13. gr. skal stjórnandi eða fyrirtæki sem tilreiðir hakkað nautakjöt tilgreina á merkimiðanum „unnið (nafn aðildarríkis eða þriðja lands)“ eftir því hvar kjötið var tilreitt og „uppruni“ ef ríkið eða ríkin sem eiga í hlut eru önnur en ríkið þar sem tilreiðslan fór fram.

Þær skyldur sem kveðið er á um í iii. lið a-liðar í 5. mgr. 13. gr. skulu gilda um slíkt kjöt frá þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

Stjórnandinn eða fyrirtækið getur þó bætt við á merkimiða á hökkuðu nautakjöti:

- upplýsingum um eitt eða fleiri atriði sem kveðið er á um í 13. gr. og/eða
- hvenær kjötið var tilreitt.

Á grundvelli fenginnar reynslu og í ljósi krafna er heimilt að samþykkja svipuð ákvæði varðandi niðurskorið kjöt og nautakjötsafskurði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

#### 15. gr.

##### Skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt frá þriðju löndum

Þrátt fyrir 13. gr. skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar á nautakjöti sem flutt er inn til Bandalagsins, þar sem ekki eru fánlegar allar upplýsingar sem kveðið er á um í 13. gr. í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 17. gr.: „Uppruni: utan EB“ og „slátrað í: (heiti þriðja lands)“.

## II. ÞÁTTUR

### Valfrjálst merkingarkerfi

#### 16. gr.

##### Almennar reglur

1. Að því er varðar merkimiða sem innihalda aðrar upplýsingar en þær sem kveðið er á um í I. þætti þessa bálks skal hver stjórnandi eða fyrirtæki senda forskrift til samþykkis til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem framleiðsla eða sala nautakjötsins sem um ræðir fer fram. Lögbæru yfirvaldi er einnig heimilt að setja fram forskriftir sem skal nota í viðkomandi aðildarríki að því tilskildu að notkun þeirra sé ekki skyldubundin.

Í forskrift fyrir valfrjálsar merkingar skal tilgreina:

- upplýsingar sem eiga að koma fram á merkimiðanum,
- ráðstafanir sem gera skal til að tryggja að upplýsingar séu nákvæmar,
- eftirlitskerfi sem nota skal á öllum stigum framleiðslu og sölu, þ.m.t. eftirlit sem óháður aðili, sem lögbært yfirvald viðurkennir og stjórnandi eða fyrirtæki tilnefni, á að annast. Þessir aðilar skulu uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í Evrópustaðlinum EN/45011,
- ef um er að ræða fyrirtæki: þær ráðstafanir sem grípa skal til í tengslum við sérhvern aðila sem uppfyllir ekki forskriftirnar.

Aðildarríki geta ákveðið að eftirlit lögbærs yfirvalds geti komið í stað eftirlits óháðs aðila. Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið hafa til umráða starfsfólk sem býr yfir viðeigandi menntun og hæfi og nauðsynleg úrræði til að annast tilskilið eftirlit. Stjórnandinn eða fyrirtækið sem notar merkingakerfið skulu bera kostnað við eftirlit sem kveðið er á um í þessum þætti.

2. Samþykki fyrir öllum forskriftum skal háð því að lögbært yfirvald hafi fullvissað sig um að fyrirhugað merkingarkerfi, á grundvelli nákvæmrar rannsóknar á þáttum þess eins og um getur í 1. mgr., starfi eðlilega og áreiðanlega, einkum ef um er að ræða forskriftir þar sem ekki er tryggð tenging, annars vegar milli auðkenningar á skrokki, fjórðungi eða hlutum kjöts og hins vegar auðkenningu á einstöku dýri eða, ef þetta nægir til að tryggja að unnt sé að sannreyna að upplýsingarnar á merkimiðunum tilheyri viðkomandi dýrum.

Einnig skal hafna forskriftum fyrir merkimiða sem innihalda misvísandi eða óskýrar upplýsingar.

3. Ef framleiðsla og/eða sala nautakjöts fer fram í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum rannsaka og samþykkja forskriftirnar sem lagðar hafa verið fram að svo miklu leyti sem upplýsingarnar í þeim varða vinnslu sem fer fram innan yfirráðasvæðis þeirra. Í slíkum tilvikum skal hvert aðildarríki sem um ræðir viðurkenna samþykki sem annað hlutaðeigandi aðildarríki hefur veitt.

Ef samþykki hefur hvorki verið hafnað né það veitt, innan tímabils sem skal ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr., talið frá þeim degi sem umsókn hefur verið lögð fram, eða ef ekki hefur verið farið fram á viðbótarupplýsingar, skal lita svo á að lögbært yfirvald samþykki forskriftina.

4. Ef lögbær yfirvöld allra aðildarríkja sem um ræðir samþykkja forskriftina sem lögð var fram skal viðkomandi stjórnandi eða fyrirtæki fá leyfi til að merkja nautakjöt, að því tilskildu að á merkimiðanum komi fram heiti viðkomandi eða kennimerki.

5. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr., að kveða á um flýtimálsmeðferð eða einfaldaða málsmeðferð við samþykkt í sérstökum tilvikum, einkum ef um er að ræða nautakjöt í litlum smásölupakkningum eða bestu nautavöðva og steikur í sérpakkningum sem eru merkt í aðildarríki í samræmi við samþykktu forskrift og flutt inn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, að því tilskildu að engum upplýsingum sé bætt við á upprunalega merkimiðann.

6. Aðildarríki getur ákveðið að ekki megi nota heiti eins eða fleiri svæða þess, einkum ef heiti svæðisins:

- gæti valdið misskilningi eða erfiðleikum við athuganir,
- er frátekið fyrir nautakjöt innan ramma reglugerðar (EBE) nr. 2081/92.

Ef leyfi er veitt skal heiti aðildarríkisins birtast samhliða heiti svæðisins.

7. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um framkvæmd þessarar greinar og einkum um þær upplýsingar sem koma fram á merkimiðunum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það öðrum aðildarríkjum innan stjórnarnefndar um nautakjöt og kálfakjöt sem um getur í b-lið 1. mgr. 23. gr. og heimilt er, ef nauðsyn krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr., að mæla fyrir um reglur í tengslum við þessar upplýsingar og einkum að setja takmarkanir.

17. gr.

#### Valfrjálst merkingarkerfi fyrir nautakjöt frá þriðju löndum

1. Ef framleiðsla nautakjöts fer að öllu leyti eða að hluta til fram í þriðja landi hafa stjórnendur og fyrirtæki rétt til að merkja nautakjöt í samræmi við þennan þátt ef þau hafa, til viðbótar við að uppfylla 16. gr., fengið samþykki lögbærs yfirvalds, sem hvert þriðja land um sig tilnefndi í þeim tilgangi, fyrir forskriftum sínum.

2. Lögmæti samþykkis innan Bandalagsins, sem þriðja land veitir, skal háð því að þriðja landið tilkynni framkvæmdastjórninni fyrirfram um:

- lögbært yfirvald sem hefur verið tilnefnt,
- málsmeðferð og viðmiðanir sem lögbært yfirvald fer eftir við rannsókn á forskriftunum,
- hvern stjórnanda og fyrirtæki sem lögbært yfirvald hefur samþykkt forskriftir fyrir.

Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum þessar tilkynningar.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli tilkynninganna hér að ofan, að málsmeðferðin og/eða viðmiðanirnar sem beitt er í þriðja landi jafngildi ekki

þeim stöðlum sem settir eru fram í þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi þriðja land, ákveða að samþykki sem umrætt þriðja land hefur veitt skuli ekki gilda innan Bandalagsins.

18. gr.

#### Viðurlög

Með fyrirvara um hvers kyns aðgerðir sem fyrirtækið sjálf eða óháði eftirlitsaðilinn, sem kveðið er á um í 16. gr., gripa til er aðildarríki heimilt, ef sýnt er fram á að stjórnandi eða fyrirtæki uppfyllir ekki þær forskriftir sem um getur í 1. mgr. 16. gr., að afturkalla samþykkið sem kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr. eða setja viðbótarskilyrði sem ber að virða til að samþykkið gildi áfram.

### III. ÞÁTTUR

#### Almenn ákvæði

19. gr.

#### Nákvæmar reglur

Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessa bálks í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. Einkum er um að ræða ráðstafanir er varða:

- a) skilgreiningu á stærð dýrahóps sem um getur í a-lið 2. mgr. 13. gr.,
- b) skilgreiningu á hökkuðu kjöti, nautakjötsafskurði eða niðurskornu nautakjöti sem um getur í 14. gr.,
- c) skilgreiningu á sérstökum upplýsingum sem setja má á merkimiðana,
- d) nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda breytinguna frá beitingu reglugerðar (EB) nr. 820/97 til beitingar þessa bálks,
- e) nauðsynlegar ráðstafanir til þess að leysa tiltekin vandamál við framkvæmd. Heimilt er að slíkar ráðstafanir víki frá tilteknum hlutum þessa bálks ef þær eru tilhlýðilega rökstuddar.

20. gr.

#### Tilnefning lögbærra yfirvalda

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd þessa bálks, eigi síðar en 14. október 2000.

21. gr.

Eigi síðar en 14. ágúst 2003 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef nauðsyn krefur, viðeigandi tillögum að því er varðar að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar svo það nái yfir unnar afurðir sem innihalda nautakjöt eða nautakjötsafurðir.

### III. BÁLKUR

#### Sameiginleg ákvæði

## 22. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Eftirlitið, sem kveðið er á um, skal ekki hafa áhrif á annað eftirlit sem framkvæmdastjórnin getur framkvæmt skv. 9. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2988/95.

Öll viðurlög sem aðildarríkið beitir dýraumsjónarmann skulu vera í samræmi við alvarleika brotsins. Viðurlögin mega fela í sér, í rökstuddum tilvikum, takmörkun á flutningum á dýrum til eða frá bújörð þess umsjónarmanns sem um ræðir.

2. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni skulu, ásamt lögbærum yfirvöldum:

- a) fullvissa sig um að aðildarríkin uppfylli kröfumur í þessari reglugerð,
- b) framkvæma eftirlit á vettvangi til að tryggja að eftirlit fari fram í samræmi við þessa reglugerð.

3. Fari eftirlit á vettvangi fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal aðildarríkið veita sérfræðingum frá framkvæmdastjórninni alla þá aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að leysa af hendi verkefni sín.

Ræða skal niðurstöður eftirlitsins við lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki áður en samin er lokaskýrsla og henni dreift.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða málið innan fastanefndarinnar um heilbrigði dýra og dýraafurða, sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr., telji hún að niðurstöður eftirlitsins gefi tilefni til þess. Hún getur samþykkt nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 23. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með framvindu málsins: Með hliðsjón af framvindunni og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 23. gr. getur hún breytt þeim ákvörðunum, sem um getur í 4. mgr., eða fellt þær úr gildi.

6. Ef þörf krefur skal samþykkja ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 23. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júlí 2000.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*  
N. FONTAINE  
*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*  
J. GLAVANY  
*forseti.*

## 23. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar:

- a) nefndar um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar, sem um getur í 11. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1258/1999 <sup>(1)</sup>, við framkvæmd 10. gr.,
- b) stjórnarnefndar um nautakjöt og kálfakjöt, sem komið var á fót með 42. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1254/1999 <sup>(2)</sup>, við framkvæmd 19. gr.,
- c) fastanefndar um heilbrigði dýra og dýraafurða, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 68/361/EBE <sup>(3)</sup>, við framkvæmd 22. gr.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Nefndirnar setja sér starfsreglur.

## 24. gr.

1. Reglugerð (EB) nr. 820/97 skal felld úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 820/97 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

## 25. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir um allt nautakjöt af dýrum sem er slátrað 1. september 2000 eða síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 103.  
<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 21.  
<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 255, 18.10.1968, bls. 23.

## VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 820/97	Bessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
7. gr.	7. gr.
8. gr.	8. gr.
9. gr.	9. gr.
10. gr.	10. gr.
11. gr.	—
12. gr.	11. gr.
13. gr.	12. gr.
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 16. gr.
3. mgr. 14. gr.	5. mgr. 16. gr.
4. mgr. 14. gr.	4. mgr. 16. gr.
15. gr.	17. gr.
1. mgr. 16. gr.	3. mgr. 16. gr.
2. mgr. 16. gr.	3. mgr. 16. gr.
3. mgr. 16. gr.	a-liður 2. mgr. 13. gr.
17. gr.	18. gr.
18. gr.	19. gr.
19. gr.	—
20. gr.	20. gr.
21. gr.	22. gr.
22. gr.	25. gr.